

15. gr.

Eftirlitsmenn hitaveitunnar skulu hvenær sem er hafa frjálsan aðgang að öllum búnaði, sem er í sambandi við hana.

Húseiganda er skylt að hlíta tafarlaust fyrir mælum þeirra um viðgerðir á bilunum og sérhverjum ráðstöfunum til varnar gegn misnotkun heita vatnsins.

V. KAFLI

16. gr.

Gjaldskrárbreyting þessi, sem ákveðin er samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að taka þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 553, 27. nóvember 1989 með síðari breytingum.

Iðnaðarráðuneytið, 8. júní 1990.

F. h. r.

Páll Flygenring.

Guðrún Skúladóttir.

AUGLÝSING

**um breytingu á gjaldskrá bæjarveitna Vestmannaeyja fyrir raforku,
nr. 438 22. september 1989 með síðari breytingum.**

Samkvæmt 25. gr. orkulaga nr. 58 29. apríl 1967 hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi breytingar á gjaldskrá bæjarveitna Vestmannaeyja fyrir raforku, sem öðlast þegar gildi:

Liður D1. Til hitunar á íbúðarhúsnæði.	kr.
Orkugjald	2,52
Fastagjald	2 608,00
Liður D4. Til hitunar.	
Orkugjald	2,68
Fastagjald	2 608,00

Iðnaðarráðuneytið, 8. júní 1990.

F. h. r.

Páll Flygenring.

Guðrún Skúladóttir.